GUÐRÚN TRYGGVADÓTTIR



GUÐRÚN TRYGGVADÓTTIR
FÆDD 04.08.1958 Í REYKJAVÍK
HAFRAFELL V/MÚLAVEG
104 REYKJAVÍK
SÍMI 36104

NÁM

1974–1976	Myndlista- og handíðaskóli Íslands. Forskóli.
1976–1978	Myndlista- og handíðaskóli Íslands. Málaradeild.
1978–1979	Ecole Superieure des Beaux Arts. Atelier Lagrance. Málaradeild. Paris. Frakkland.
1979–1983	Akademie der Bildenden Künste. Klasse Winner, Málaradeild. München. V-Þýskaland.

SÝNINGAR

1980 27.9.–8.10.	Gallerí Djúpið (Einkasýning) Reykjavík.
1981 11.–19.7.	Gallerí Rauða húsið (Einkasýning) Akureyri.
1982 26.2.–21.3.	Art Photocopies Exhibition (Samsýning) Curated by U. Carrion, Other Books & so Archive Amsterdam. Centrum't Hoogt in collaboration with the Studium General of the University og Utrecht.
1982 10.–15.5.	Kunst und Fruchtsaft (Samsýning). Sýning vegna keppni í Akademiunni í München.
1982 Frá sept.	Útisýning í Inwood Park (Einkasýning) Manhattan N. Y. C.
1982 12.–14.11.	Nýlistasafnið (2ja manna sýning) Reykjavík.
1983 29.–12.2.	Gullströndin andar. (Samsýning) Hiringbraut 119 Reykjavík.
1983 13.–19.3.	Gallerí Rauða húsið (Einkasýning) Akureyri.
1983 12.–17.12	Debütanten Ausstellung (Einkasýning). Sýning vegna verðlauna fyrir lokapróf (Diplom) frá Akademiunni í München. Aula der Ak. d. B. Künste.
1984 19.4.–31.7.	Iceland. The Art revealed (Samsýning). Franklin Furnace N. Y. C.
1985 16.5–6.6.	Gallerí Salurinn (Samsýning) Reykjavík.
1985 22.9.–24.10.	Listahátíð kvenna. Bækur og bókaskreytingar Gerðubergi. (Samsýning) Reykjavík.
1986 31.5.–27.7.	Listahátíð í Reykjavík, Reykjavík í myndlist (Samsýning) Kjarvalsstöðum Reykjavík.
1986 21.11.–30.11.	Nýlistasafnið (Samsýning) Reykjavík.

VERÐLAUN OG STYRKIR

1983 í júlí	Debütanten Förderpreis. (Verðlaun fyrir lokapróf).
1984	Styrkur frá Engelhorn Stiftung zur Förderung bildender Kuns GmbH.
júní 1985–júní 1986	Starfslaun íslenska ríkisins í 12 mánuði.



TEIKNING NR. 2292

Á undanförnum árum hefur íslenskur myndlistarvettvangur tekið miklum breytingum. Fram hefur sótt mikill fjöldi dugandi ungs fólks, sem að undangengnu námi hér heima hefur numið við listaháskóla í Evrópu og Ameríku. Flest hefur það dvalið í Hollandi, enda óvíða búið jafn vel að listnemum og starfandi listamönnum og þar. Alltaf eru svo einhverjir við nám í hinum höfuðborgum Norðurlanda og þá aðallega í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. París seiðir og reglulega einhverja til sín, en þó meira til skemmrar dvalar en áralangs náms. Þá hafa ýmsir sótt til Hamborgar og í vaxandi mæli til Berlínar, sem er að verða ein af höfuð borgum lista í heiminum. Og til hinnar fögru höfuðborgar Bæjaralands, München , hafa listspírur sótt í auknum mæli á undanförnum árum. Er ég dvaldi þar fyrir hartnær þrem áratugum, vissi ég ekki af öðrum á undan mér í Listaháskólanum en Ásgeiri Bjarnþórssyni og Guðmundi frá Miðdal og það fyrir nokkrum áratugum. Og leið víst meira en áratugur, frá því að ég hvarf þaðan, og þangað til Íslendingur birtist innan veggja skólans aftur. En svo tók þeim að fjölga og hafa alltaf einhverjir verið þar við nám síðan og á köflum nokkrir í einu.

Ég hef sannfrétt, að allir hafi þessir nemendur staðið sig vel og verið landinu til sóma og jafnvel starfað sem aðstoðarkennarar prófessora sinna, sem er drjúgur heiður. lengst mun þó hafa náð Guðrún Tryggvadóttir, sem lauk námi 1983 með æðstu viðurkenningu og verðlaunum, sem hægt er að hlotnast við skólann. Viðurkenningin var þeim mun meiri, þar sem um útlending var að ræða, enda olli útnefningin miklum úlfaþyt heimamanna og mun sennilegt, að slíkt verði ekki endurtekið.

Guðrún hefur jafn langt nám að baki í listum og lærðustu sérfræðingar á sviði læknavísinda, en er á engan hátt akademískur listamaður, svo sem menn vilja skilja hugtakið.

Þetta er þó fyrsta stóra einkasýningin, sem hún heldur eftir áralangar, þrotlausar rannsóknir á sviði myndlista og mannlífs, enda er það jafnan svo, að eftir því sem menn læra meira því ljósara verður þeim vanmáttur sinn og fáfræði. Það eru hinir ungu og ólærðu sem allt vita sem og jafnan, og þannig komst W. Sommerseth Maugham eitt sinn að orði: „þegar ég var ungur framagjarn og vildi verða frægur strax, óskaði ég helst að skrifa sögur mínar beint á setningarvélina, en varð að láta mér nægja ritvél, – en síðan mér óx þroski, nota ég jafnan blýant."

Ég hef ekki fylgst náið með listþróun Guðrúnar á undanförnum árum og einungis séð stakar myndir eftir hana á samsýningum. Þó er mér vel ljóst, að hér fer stórhuga valkyrja, sem við miklu má búast í framtíðinni og að þessi sýning hljóti að verða um margt örðuvísi en það, sem við eigum að venjast í þessari borg.

Bragi Ásgeirsson




TEIKNING NR. 2179



MÁLVERKASÝNING Í VESTURSAL KJARVALSSTAÐA 14.–29. MARS 1987

VERKASKRÁ

1.	María og Jesú	153×153 cm	Olía á striga	1987
2.	Frummynstur	50× 60 cm	Olía á striga	1987
3.	Píramídakross	60× 60 cm	Olía á striga	1987
4.	Fjórir	95,5×95,5 cm	Olía á striga	1987
5.	Fjölskyldumynd	160×182 cm	Olía á striga	1985
6.	Hetjumynd	200×292 cm	Olía á striga	1986
7.	Egypsk mynd	182×292 cm	Olía og gull á striga	1986
8.	Innsýn	153×211 cm	Olía á striga	1984
9.	Jesú Kristur konungur gyðinga	182×130 cm	Olía á striga	1987
10.	Algiz	60× 60 cm	Olía á striga	1987
11.	Vín	208×300 cm	Akríl á pappír	1984
12.	Við höfnina	208×360 cm	Akríl á pappír	1983
13.	Blár engill	153×153 cm	Akríl á pappír	1984
14.	Blá mynd	208×250 cm	Akríl á papír	1983
15.	Teiwaz	60× 60 cm	Olía á striga	1987
16.	Turn	76,5×182 cm	Olía á striga	1987
17.	Hjálp!	208×360 cm	Akríl á pappír	1984
18.	Stúlka í rólu	153×153 cm	Olía á striga	1984
19.	Bleik mynd	182×292 cm	Olía á striga	1985
20.	Hestakótiletta	208×360 cm	Akríl á pappír	1983
21.	GT	60× 60 cm	Olía á striga	1987
22.	Sumar	208×206 cm	Akríl á pappír	1983
23.	Teiwaz	60× 60 cm	Olía á striga	1987
24.	Algiz	60× 60 cm	Olía á striga	1987



TEIKNING NR. 2293



TEIKNING NR. 1525



TEIKNING NR. 1868



TEIKNING NR. 1490



TEIKNING NR. 2181